

1872.

29. febrúar.

Til þess að komast hjá misskilningi skal því við bætt, að eigi skal birta tæða áætlun á manntalsþingum.

29. febrúar.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1872—73.

(Fyrsti kafli er samhljóða upphafinu á bréfinu næst á undan).

Því skal við bætt, að þeim yfirvöldum á Íslandi, sem í hlut eiga, hefir í dag verið gefin vísbending um þetta.

29. febrúar.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skyldu presta að leggja til vegavinnu.¹

Útaf því, að Þorkell prestur Eyjólfsson að Borg í Mýrasýslu hefir skorazt undan að leggja til vinnu þá til aukavega, sem fyrir er mælt um í tilsk. um vegina á Íslandi, 15. marz 1861, 18. grein, og byggt þessa undanfærslu á bréfi nokkru frá stiptsyfirvöldunum á Íslandi, þar sem tæð grein er þýdd á þá leið, að eigi lægi á prestum nein skylda í þessu tilliti, hafið þær, herra amtmáður, jafnframt og þær tilfærið þær ástæður, sem að yðar áliti sè fyrir því, að lagabodið sè skilið gagnstætt þessu, í bréfi, dagsettu 17. febrúar f. á., lagt þetta ágreiningsmál undir úrskurð stjórnarráðsins.

Eptir að vör höfum skrifazt á við stiptamtanninn yfir Íslandi um þetta mál, gefum vör yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þær birtið það, og gjörði frekari ráðstafanir, ef á þarf að halda, að stjórnarráðið fellst á þá skoðun, er þær hafið látið í ljósi, að prestum sè eins skylt og öðrum verk-

¹) Sama dag var stiptamtanninum og amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu tilkynntur þessi úrskurður stjórnarráðsins.